



Leiðbeiningar fyrir tjaldsvæði og hjólhýsasvæði

Sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19

Eftirfarandi á við um alla starfsemi/staði:

- Gestir mega **ekki** koma inn á tjaldsvæði, í skála eða fara í skipulagðar ferðir ef þeir:
 - Eru í [sóttkví](#).
 - Eru í [einangrun](#) (einnig meðan beðið er niðurstöðu sýnatöku).
 - Hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki liðnir 14 dagar frá því að einangrun lauk.
 - Eru með einkenni (kvef, hósta, kviðverki, niðurgang, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, o.fl.).
- Rekstraraðili [þrífur og sóttþreinsar](#) sameiginleg rými og snertifleti a.m.k. tvisvar á dag.
- Skv. [reglugerð](#) er hámarksfjöldi í hverju sóttvarnarými **200 manns** (börn fædd árið 2016 og síðar eru ekki talin með). Sóttvarnarými getur verið innan- sem utandyra og þarf t.d. að skipta tjaldsvæðum upp með tilliti til þessa svo lengi sem nándarmörk eru virt.
- Virða ber 1 metra nándarreglu milli ótengdra aðila og regluna um að nota grímu þegar ekki er hægt að halda 1 metra fjarlægð (börn fædd 2006 og síðar eru undanþegin grímuskyldu).
- Auðvelt aðgengi að handþvottaaðstöðu og handspritti þarf að vera til staðar.
- Takmarka þarf samneyti á milli aðskildra ferðahópa eins og unnt er.
- Ef eitthvað er óljóst notið þá netspjallið á [covid.is](#).

Tjaldsvæði

Eftirfarandi reglur eiga við um tjaldsvæði og gesti í tjöldum, tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum „camperum“ (lítill húsbíll) og húsbílum.

- Hvert tjaldsvæði má taka við þremur fjórðu (75%) af hámarksfjölda móttökugetu (börn fædd árið 2016 og síðar eru ekki talin með). Ef móttökufjöldi fer yfir 200 manns (börn fædd árið 2016 og síðar eru ekki talin með) ber að skipta tjaldsvæðinu upp í mismunandi sóttvarnarými, hámark **200 manns** í hverju rými. Virða á sama tíma regluna um 1 metra nándarmörk einstaklinga og grímuskyldu (börn fædd 2006 og síðar eru undanþegin grímuskyldu).
- Eitt salerni er lágmark fyrir hvert sóttvarnarými ásamt handþvottaaðstöðu en fjölda salerna og handlauga þarf að miða við þann fjölda sem leyfður er á svæðinu. Sama á við um aðstöðu til böðunar, ef hún er til staðar. **Enginn samgangur skal vera á milli rýma.**
- Ef baðaðstaða er í boði er nauðsynlegt að tryggja aðskilnað á milli hópa í hverju rými og þrifið á milli (Dæmi: Baðhús opið hálfan dag fyrir rými 1 og hálfan dag fyrir rými 2).
- Rekstraraðili þrífur og sóttþreinsar sameiginlega snertifleti a.m.k. tvisvar á dag og brýnir fyrir gestum að gæta ýtrustu varkárni og virða reglur um sóttvarnir.

5. Rekstraraðili setur upp veggspjöld við alla þjónustupósta s.s. afgreiðslu, vatnshana, uppvaskeið, salerni og sturtu sem vekja athygli á 1 metra reglu um nándarmörk einstaklinga,
6. Samkvæmt reglum um brunavarnir skal vera 4 metra bil milli tjalda, tjaldvagna, fellihýsa, hjólhýsa, campera og húsbíla. Ávallt skal tryggja a.m.k. 1 metra fjarlægð milli einstaklinga (*Gildir ekki fyrir fjölskyldur eða tengda einstaklinga*)
7. **Allir** gestir skulu skráðir undir nafni, kennitölu og símanúmeri. Skráin skal varðveitt hjá umsjónaraðila viðkomandi tjaldstæðis í tvær vikur og eytt að þeim tíma liðnum.
8. Salerni og sturta:
 - a. Umsjónaraðili tjaldsvæðis sér til þess að áhöld og efni til þrifa og sótthreinsunar séu við öll salerni og sturtur til að gestir geti sótthreinsað snertifleti s.s. hurðarhúna og snertifleti á salernum með yfirborðsvirku sótthreinisefni (t.d. umhverfisspritti).
 - b. Í skálum þar sem eru mörg salerni/sturtur ætti að hafa fjarlægðarmerkingar t.d. strik á gólfi með 2ja metra millibili til að tryggja 1 metra nándarmörk milli einstaklinga.
 - c. Þar sem salerni/sturtur eru hlið við hlið í þröngu rými má nýta annað hvert og loka hinu ef fjöldi gesta leyfir.
9. Eldhúsaðstaða utan- og innandyra og aðstaða til neyslu á mat:
 - a. Hafið fljótandi sápu og handspritt við hvern vask og leiðbeiningar til gesta um að þrifa vel eftir sig.
 - b. Virðið regluna um nándarmörk. Tryggið að við borðhald sé hægt að hafa 1 metra á milli óháðra einstaklinga. Minna alla gesti á þessa reglu með veggspjaldi við inngang.
 - c. Komið fyrir fjarlægðarmerkingum (t.d. strik á gólfi) við uppþvottaðstöðu.
 - d. Veiran smitast ekki með matvælum en þrifa þarf umbúðir t.d. kryddstauka og bauka að utan til að koma í veg fyrir snertimit. Koma þarf upp skilaboðum vegna þessa til gesta.
 - e. Ef gestir hafa aðgang að áhöldum, minna þá á að þrifa fyrir og eftir notkun.
 - f. Rekstraraðili minnir gesti á að sótthreinsa borð og snertifleti á stólum fyrir og eftir matreiðslu og borðhald.
10. Önnur þjónusta:
 - a. Skriflegar/myndrænar reglur um að gestir virði 1 metra nándarmörk og iðki persónulegar sóttvarnarnir (þvoi og spritti hendur, gæti hreinlætis við hósta og hnerra, þrifi umhverfi og forðast mannmergð) hafðar áberandi.
 - b. Fjarlægðarmerkingum komið fyrir þar sem það er hægt og á við.
 - c. Efni til að þrifa og sótthreinsa snertifleti haft aðgengilegt fyrir gesti (t.d. yfirborsspritt eða annað).
 - d. Spil, bækur og blöð sem ætluð eru til afnota fyrir gesti tekin úr umferð.
 - e. Sorptunnur hafðar til staðar til að gestir gangi frá sorpi frá hverju tjaldi/húsi/einingu í lokaðan poka og setji í sorptunnu/r svæðis.
11. Lítil gistihús á tjaldsvæðum er eingöngu hægt að leigja út til einstaklinga, fjölskyldna eða hópa sem tengjast.

Hjólhýsasvæði (fastleigusvæði til skemmri eða lengri tíma)

1. Hvert hjólhýsasvæði má taka við þremur fjórðu (75%) af hámarksfjölda móttökugetu (börn fædd árið 2016 og síðar eru ekki talin með). Ef móttökufjöldi fer yfir 200 manns (börn fædd árið 2016 og síðar eru ekki talin með) ber að skipta hjólhýsasvæðinu upp í mismunandi sóttvarnarými, hámark **200 manns** í hverju rými. Virða á sama tíma regluna um 1 metra nándarmörk milli einstaklinga og grímuskyldu (börn fædd 2006 og síðar eru undanþegin grímuskyldu).
2. Tvö salerni eru lágmark fyrir hvert sóttvarnarými ásamt handþvottaaðstöðu (aðstaðan þarf einnig að hæfa þeim fjölda sem er leyfður í rýminu). Sama á við um aðstöðu til böðunar, ef hún er til staðar. **Til að gagn sé í þessari ráðstöfun má enginn samgangur vera á milli rýma.**
3. Ef baðaðstaða er í boði er nauðsynlegt að tryggja aðskilnað á milli hópa í hverjum sóttvarnarými og þrifið á milli (Dæmi: Baðhús opið hálfan dag fyrir rými 1 og hálfan dag fyrir rými 2).
4. Rekstraraðili þrífur og sótthreinsar sameiginlega snertifleti a.m.k. tvisvar á dag og brýnir fyrir gestum að gæta ýtrustu varkárni og virða reglur um sóttvarnir.
5. Rekstraraðili setur upp veggspjöld sem vekja athygli á 1 metra reglu um nándarmörk einstaklinga við alla þjónustupósta, s.s. afgreiðslu, vatnshana, uppvaskei, salerni og sturtu.
6. Að lágmarki skulu samkvæmt brunavarnareglum vera a.m.k. 4 metrar á milli tjaldvagna, fellihýsa, hjólhýsa, campera og húsbíla.
7. Ef ekki er hægt að halda 1 metra nándarmörk skal nota andlitsgrímu (*Gildir ekki fyrir fjölskyldur eða tengda einstaklinga*).
8. Allir gestir skulu skráðir undir nafni, kennitölu og símanúmeri. Skráin skal varðveitt hjá umsýjaraðila hjólhýsasvæðisins í tvær vikur og eytt að þeim tíma liðnum.
9. Salerni og sturta:
 - a. Umsýjaraðili þarf að koma fyrir áhöldum og efnum við öll salerni/sturtur til að gestir geti þrifið og sótthreinsað snertifleti s.s. hurðarhúna og snertifleti á salernum (t.d. með yfirborðsspritti eða öðrum efnum).
 - a. Komið fyrir fjarlægðarmerkingum við salerni/sturtur, t.d. strik á gólfi með 2 metra á milli strika til að tryggja að hægt sé að halda 1 metra nándarreglu.
 - b. Þar sem salerni/sturtur eru hlið við hlið í þröngu rými má nýta annað hvert og loka hinu ef fjöldi gesta leyfir.
10. Eldhúsaðstaða utan- og innandyra og aðstaða til neyslu á mat:
 - a. Hafið fljótandi sápu og handspritt við hvern vask og leiðbeiningar til gesta um að þrifa vel fyrir og eftir að matreiðslu/borðhaldi lýkur.
 - b. Gestir eru beðnir að virða regluna um nándarmörk. Tryggja skal að við borðhald sé hægt að hafa a.m.k. 1 metra á milli einstaklinga sem ekki tengjast.
 - c. Komið fyrir fjarlægðarmerkingum (t.d. strik á gólfi) við uppþvottaaðstöðuna.
 - d. Veiran smitast ekki með matvælum en gæta þarf að sótthreinsun bauka og kryddstauka eftir notkun til að fyrirbyggja snertimit milli manna. Koma þarf upp skilaboðum vegna þessa til gesta.
 - e. Rekstraraðili minnir gesti, sem hafa aðgang að áhöldum, á að þrifa fyrir og eftir notkun.
 - f. Rekstraraðili minnir gesti á að sótthreinsa borð og snertifleti á stólum fyrir og eftir matreiðslu og borðhald.

11. Önnur þjónusta:

- a. Rekstraraðili setur upp veggspjald um 1 metra nándarreglu.
- b. Rekstraraðil kemur fyrir fjarlægðarmerkingum þar sem það er hægt og á við.
- c. Rekstraraðili sér til þess að áhöld og efni til að sótthreinsa snertifleti séu til staðar.
- d. Öll spil, bækur og blöð sem ætluð eru gestum til afnota eru tekin úr umferð.
- e. Sorptunnur eru til staðar og gestir eiga að setja allt rusl í poka og koma því í sorptunnu.

Eitthvað óljóst?

Vinsamlega sendið fyrirspurnir á eftirfarandi netföng:

upplýsingar@ferdamalastofa.is

[Covid.is](https://www.covid.is) netspjall

Frekari upplýsingar um COVID-19:

www.covid.is

www.landlaeknir.is

www.ferdamalastofa.is

Viðaukar

1. [Leiðbeiningar til framlínustarfsmanna í atvinnulífinu. Hér má finna leiðbeiningar um þrif á vinnustöðum og farartækjum til fólksflutninga í COVID-19 faraldri.](#)
2. [Starfsleyfisskilyrði fyrir hjólhýsa-, smáhýsa- og tjaldsvæði og önnur starfsleyfisskilyrði.](#)
3. [Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.](#)

Hvetjum ferðapjónustuaðila til að kynna sér og taka þátt í verkefninu Hreint og öruggt / Clean & Safe. Upplýsingar um verkefnið má finna á [vef Ferðamálastofu.](#)

